

Málproski og læsi

– að virkja þátttöku foreldra



Hlíf Brynja Baldursdóttir, Bryndís Snorradóttir, Guðrún Björg Ragnarsdóttir,
Halldóra Björg Gunnlaugsdóttir og Halldóra Sigtryggsdóttir

Fellaskóli, Leikskólinn Holt, Leikskólinn Ösp, Menntavísindasvið
Skólaárið 2025-2026



Skýrsla um þróunar- og nýsköpunarverkefni v. Menntastefnu Reykjavíkur B-hluti.

Efnisyfirlit

1.Inngangur	2
2.Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd	2
3.Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra	3
4. Mat verkefninu	4
5.Greinargerð um notkun styrkfjár	4
6. Kynning	5

1. Inngangur

- *Sagt frá markmiðum verkefnisins (m.a. jafnréttismarkmiðum og hvernig það tengist Menntastefnu Reykjavíkur) og aðdraganda þess.*

Í Fellahverfi eru um það bil 90% barnanna með annað heimamál en íslensku. Málproski og læsi í Fellahverfi er samstarfsverkefni leik- og grunnskóla hverfisins, sem staðið hefur yfir síðan haustið 2020. Það hefur stuðlað að auknum orðaforða barna hverfisins í íslensku. Unnið er markvisst á báðum skólastigum með undirstöðupætti læsis.

Markmið þessa verkefnis er að stuðla að auknu íslenskunámi foreldra samhliða því sem börnin efla sinn orðaforða. Við viljum efla foreldrafræðslu og ná betur til foreldrahópsins jafnt og þétt yfir veturinn til þess styrkja þau í þátttöku í íslenskunámi barna sinna. Hluti af því er að kynna íslensk málhljóð og stafrófið fyrir foreldrum, svo þau geti lesið á íslensku. Með verkefninu viljum við stuðla að því að foreldrar auki orðaforða sinn í íslensku og verði virkari þátttakendur í námi og leik barna sinna.

Líkt og segir í Menntastefnu Reykjavíkurborgar á starfsfólk frumkvæði að samstarfi við foreldra og vinnur að þróun leiða sem taka mið af ólíkum þörfum, menningu og reynslu barna og foreldra. Fjölbreytt og þverfaglegt samstarf innan starfsstaða, milli starfsstaða og við stofnanir og aðila í samfélaginu stuðlar að þróun menntunar.

2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

- *Hverjar voru þær áskoranir sem verkefninu var ætlað að bregðast við?*
- *Afhverju var ákveðið að fara í verkefnið?*
- *Hvernig var skipulagi og framkvæmd verkefnisins háttað? (Tímarammi, umfang, verkhlutar, verkaskipting).*

Þegar staða barna í lestri á Íslandi er skoðuð sýna niðurstöður að rúmur helmingur barna getur tengt saman hljóð og lesið einstaka orð þegar þau byrja í grunnskóla. Börnum sem hafa íslensku sem annað tungumál mæta meiri áskoranir í námi sínu og rannsóknir sýna að þau þurfa oft meiri stuðning og sértæka kennslu til að ná góðum tókum á lestri. Til að draga úr líkum á að nemendur lendi í vanda í námi er afar mikilvægt að hefja góðan undirbúning að lestaranámi barna snemma á ævi þeirra.

Þær aðferðir sem við höfum nýtt síðustu ár í MOLF verkefninu hafa borið árangur og niðurstöður skimana og málþroskaprófana sýna að börnunum fer fram. Virkur orðaforði og þátttaka í leik og starfi á íslensku hefur aukist. Við viljum fjölga möguleikum barnanna á að efla orðaforða sinn enn frekar með því að styrkja og auka íslenskukunnáttu foreldra þeirra. Við höfum áhuga á að fá þá í frekara samstarf og stuðla að inngildingu foreldra í námi og leik barna sinna, með því að nýta svipaðar aðferðir til að efla orðaforða þeirra í íslensku og lagt eru upp með börnunum innan skólanna. Það mun stuðla að betri tengingu og þátttöku þeirra í starfi skólanna sem og í íslensku samfélagi. Þetta verkefni mun einnig styrkja stöðu barnanna.

Í þessum hluta verkefnisins var lögð áhersla á elstu börn leikskólanna og yngstu börn Fellaskóla, þ.e. tvo árganga. Í september var haldinn kynningarfundur í Fellaskóla fyrir

foreldra allra barnanna, fjöldi barna sem taka þátt í verkefninu eru 70 og eru heimamál þeirra 22 talsins. Túlkar voru fyrir alla sem á þurftu að halda.

Verkefnið var kynnt og farið yfir bækur sem börnin fengu heim í vetur, einnig var sýnikennsla á myndböndum sem tengjast máhljóðum og K-pals kennslu, sem voru send heim.

Þar sem unnið er eftir þeim í fjórar vikur í senn voru keyptar 1 – 2 bækur fyrir hvert þema sem voru sendar heim með börnunum mánaðarlega. Foreldrar fengu á sama tíma send myndbönd um K-pals og máhljóð í tölvupósti.

Starfsfólk og kennarar í Fellaskóla, Holti og Ösp vann sömu verkefni og las sömu bækur með börnunum í skólunum og var sent heim til foreldra. Guðrún Björg frá Menntavísindasviði las upp allar bækurnar og útbjó myndbönd sem voru send til foreldranna.

Í nóvember var sameiginleg fræðsla fyrir allt starfsfólk og kennara skólanna.

Í foreldraviðtölum í nóvember, janúar og febrúar var þessu fylgt eftir.

Í mars verður foreldrafræðsla á vegum MML og Brúarsmiða í samstarfi við talmeinafræðinga í Suðurmiðstöð og starfsfólk skólanna í tengslum við málþroska, lestur, læsi og mikilvægi hlutverks foreldra.

Teymið sem heldur utan um verkefnið eru þeir sem skráðir eru samstarfsaðilar og umsækjandi. Teymið hefur hist reglulega til að bæði fylgja eftir og meta hvernig gengur.

3. *Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra*

- *Hver er reynslan af verkefninu á viðkomandi starfsstað/starfsstöðum?*
- *Hvernig geta niðurstöður verkefnisins nýst öðrum?*
- *Hver var ávinningur verkefnisins fyrir börnin?*
- *Hvernig tengdist verkefnið fræðasamfélaginu eða rannsóknum?*

Verkefnið hefur gefið góða raun og eflt bæði daglegan lestur og áhuga barnanna á bókum og ýtt enn frekar undir íslenskunotkun barnanna. Foreldrar sýna verkefninu áhuga og margir spyrja út í það og fylgja því eftir. Langflestir nýta bækurnar heima og hafa samskipti foreldra við starfsfólk aukist. Starfsfólk og kennarar eru enn meðvitaðri um mikilvægi þess að lesa og eiga samtal um bækur þar sem börnin taka virkan þátt í sögu- og lestrarstundum.

Þessar niðurstöður geta verið hvatning fyrir aðra leik- og grunnskóla til að nýta svipaðar aðferðir til að efla íslenskan orðaforða barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og styrkja samstarf við foreldra þeirra.

Börnin eru mun virkari í sögu- og lestrarstundum, þau sýna bókum mikinn áhuga og eru virkilega áhugasöm í K-pals verkefnum skólanna. Byrjað var fyrr í leikskólunum að vinna með K-pals og því erum við nú þegar komin mun lengra en við höfum gert hingað til. Í lok febrúar var búið að leggja inn alla bókstafina og hljóð þeirra í 1. bekk í Fellaskóla. Bókakostur skólanna og aðgengi barnanna að bókum hefur eflst til muna. Þau eru mörg hver spennt að fá nýja bók með sér heim.

Með fræðslu til foreldra hefur þekking þeirra og meðvitund aukist á mikilvægi þess að þau hvetji börnin sín til náms og séu þeim fyrirmyndir. Tekið var orðaforðamat af

leikskólabörnunum í upphafi verkefnis sem og *Hljóm-2* sem verða endurtekin í lok verkefnis til að skoða hvort færni barnanna hafi aukist.

Allir nemendur í 1. bekk tóku lesfimiþróf í september til að fá upphafsmælingu á lestrargetu þeirra, sama lesfimiþróf var lagt fyrir í janúar til að meta framfarir og í maí verður sama þróf lagt fyrir. Stafa- og hljóðakönnun hefur verið lögð fyrir reglulega í 1. bekk. Könnunin gefur upplýsingar um hvort að nemandinn þekki heiti og hljóð bókstafanna sem búið er að leggja inn og umsjónarkennarar í 1. bekk hafa verið afar samviskusamir í að æfa með nemendum aftur þau hljóð sem vantar upp á. Í október var *Leið til læsis* þrófið lagt fyrir alla nemendur í 1. bekk og ætlunin er að leggja það aftur fyrir í maí til að meta framfarir.

4. Mat verkefninu

- *Hvernig var mati á verkefninu háttað? Var það formlegt (rannsóknir, gátlistar menntastefnu eða annað) eða óformlegt (ígrundun, samræður, huglægir þættir)?*
- *Voru markmið verkefnisins uppfyllt*

Mat á verkefninu fór fram á reglulegum matsfundum þar sem aðferðir og bækur voru reglulega endurskoðaðar. Einnig var rætt við foreldra í foreldraviðtölum sem komu með ábendingar um það sem vel var gert og það sem betur mætti fara. Huglægt mat starfsfólks er að börnin séu virkari í sögu- og lestrarstundum og nýti íslensku meira í leik og starfi. Einnig er það huglægt mat að foreldrar hafi aukið samskipti við kennara og starfsfólk á þessum tíma. Búið var til orðaforðamat í tengslum við orðaforðapemun sem unnið er eftir á báðum skólastigum. Í lok verkefnis í maí/júní 2026 verður rýnt í niðurstöður Hljóm-2, orðaforðamats og lesfimi til að kanna færni barnanna.

Markmið verkefnisins náðust upp að vissu marki og teljum við mikilvægt að halda því áfram til að festa verklag betur í sessi og nýta þann lærdóm sem náðst hefur til áframhaldandi vinnu skólaárið 2026-2027.

5. Greinargerð um notkun styrkfjár

- *Hvernig var styrknum ráðstafað? (Vinnuframlag, launagreiðslur, annar kostnaður, o.fl. sé sundurliðað)*

Vinna starfsfólks Reykjavíkurborgar	1.200.000
Vinna utanaðkomandi aðila	1.900.000
Túlkabjónusta	534.697
Veitingar á fundum	98.992
Bókakaup	2.508.922
Námsgögn og annar efniskostnaður	519.682
Samtals	6.762.293

Styrkurinn hefur ekki verið greiddur að fullu og er búið að áætla að restin af honum fari í vinnu að öðru orðaforðamati, þeim bókum sem á eftir að kaupa og vinnu við að lesa þær

allar inn. Það á eftir að greiða túlkum og veitingar á fræðslufundi fyrir foreldra sem haldinn verður í mars 2026. Það á einnig eftir að greiða fyrir fræðslu til starfsfólks og efniskostnað.

6. *Kynning*

- *Hvernig verður verkefnið kynnt fyrir samstarfsfólki og öðrum hagsmunaaðilum?*
- *Hvaða kynningar hafa þegar farið fram á verkefninu og/eða niðurstöðum þess?*
- *Varð til einhver afurð með verkefninu sem hægt væri að deila með öðrum [í verkfærakistu á vef menntastefnunnar](#) (Dæmi: myndband, vefur, greinaskrif, handbók, verkefnalýsing eða annað)?*

Starfsfólk skólanna er vel upplýst um verkefnið og er það rætt á starfsmannafundum skólanna og á sameiginlegum starfsdögum. Sagt hefur verið óformlega frá verkefninu hjá Miðju máls og læsis og á fleiri fundum eða fræðsluviðburðum þar sem það hefur átt við. Þetta verkefni er í þróun og mikilvægt að halda því áfram til að festa verklag enn betur í sessi. Við erum að pússa hnökra af vinnunni og utanumhald með stöðugu símati teymisins til að geta verið enn betur undirbúin fyrir næsta skólaár, að hefjast strax handa við áframhaldandi þróun verkefnisins.

Molf verkefnið er með rás á youtube þar sem öll myndbönd tengd K-pals eru sett inn. Rásin heitir MOLF - Mál og læsi í Fellahverfi. Myndböndin eru opin öllum, óháð því hvort börn þeirra eru hluti af verkefninu eður ei. Sögulestur er ekki hluti af youtube-rás Molf verkefnins, vegna réttindamála tengda bókunum. Vert er þó að geta þess að allir höfundar og útgefendur gáfu leyfi fyrir sögulestri í myndböndum sem send hafa verið foreldrum.